

Rannsóknarnefnd samgönguslysa
10 231

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Kt. 450613-1850

Húsi FBSR Flugvallavegi 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er ríkisaðili í A-hluta sem heyrir stjórnýslulega undir Samgönguráðherra. Hún starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum samkvæmt lögum nr. 18/2013. Hjá RNSA starfa 7 manns, þ.e. 6 rannsakendur og 1 móttökuritari. Í lögnum er meðal annars að finna þrjá mismunandi kafla um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðaslysa (ásamt alvarlegum atvikum). Rannsóknnum er þannig skipt í einstaka flokka sbr. 4.gr. laganna.

Samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa (8. gr.) er kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa greiddur úr ríkissjóði. RNSA ber að rannsaka öll samgönguslys og alvarleg samgönguávik, ekki er mögulegt að segja til um þann kostnað sem mismunandi slys bera með sér. Það er því töluvert um ófyrirséðann kostnað sem að undanförunu hefur verið mætt með aukafjárveitingu. Fyrirkomulagið er nú að breytast þannig að ráðuneytið hafi á að skipa sjóð sem mætir slíkum kostnaði rannsóknarnefndarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 11 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 178,2 milljónir og afkoma kr. 9,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -3,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 30,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Rannsóknarnefndar samgönguslysa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknarnefndar samgönguslysa fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Þorkell Ágústsson,
rekstrarstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	174.900.000	170.500.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	237.486	600.921
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.095.372	1.656.393
Tekjur samtals		<u>178.232.858</u>	<u>172.757.314</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	132.186.695	134.853.173
Annar rekstrarkostnaður	5	33.324.175	33.889.529
Afskriftir	6	3.095.372	1.656.393
Gjöld samtals		<u>168.606.242</u>	<u>170.399.095</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		9.626.616	2.358.219
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(355.410)	(72.956)
		<u>(355.410)</u>	<u>(72.956)</u>
Afkoma ársins		<u><u>9.271.206</u></u>	<u><u>2.285.263</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		9.481.298	8.325.421
Farartæki og vélar		10.792.707	0
Fastafjármunir samtals		<u>20.274.005</u>	<u>8.325.421</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	8	9.505.358	15.073.468
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		282.432	0
Handbært fé		20.000	20.000
Veltufjármunir samtals		<u>9.807.790</u>	<u>15.093.468</u>
Eignir samtals		<u>30.081.795</u>	<u>23.418.889</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		(3.318.449)	(12.589.655)
Eigið fé samtals		<u>(3.318.449)</u>	<u>(12.589.655)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	348.136	167.184
Viðskiptaskuldir		695.353	1.080.438
Ýmsar skammtímaskuldir	10	16.215.826	15.524.621
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	16.140.929	19.236.301
Skuldir samtals		<u>33.400.244</u>	<u>36.008.544</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>30.081.795</u>	<u>23.418.889</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		9.271.206	2.285.263
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	3.095.372	1.656.393
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.095.372)	(1.656.393)
		<u>9.271.206</u>	<u>2.285.263</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(282.432)	11.716
Tengdir aðilar		(9.294.894)	(7.955.449)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		306.120	5.658.470
		<u>(9.271.206)</u>	<u>(2.285.263)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(15.043.956)	(2.089.120)
		<u>(15.043.956)</u>	<u>(2.089.120)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		15.043.956	(10.910.880)
Fjárfestingarframlag		0	13.000.000
		<u>15.043.956</u>	<u>2.089.120</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>20.000</u>	<u>20.000</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	174.900.000	175.800.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(5.300.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	174.900.000	170.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.095.372	1.656.393
	<u>177.995.372</u>	<u>172.156.393</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	162.400.000	0	0	162.400.000
Fjáraukalög	8.000.000	0	0	8.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	4.500.000	0	0	4.500.000
Fjárveiting til tekna	174.900.000	0	0	174.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ..	(165.628.794)	0	0	(165.628.794)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	9.271.206	0	0	9.271.206

	2019	2018
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	220.000
Ýmsar tekjur	237.486	380.921
	<u>237.486</u>	<u>600.921</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	107.058.475	104.726.260
Orlof, breyting	607.148	5.799.550
Launatengd gjöld	24.177.772	23.818.283
Starfsmannakostnaður	343.300	509.080
	<u>132.186.695</u>	<u>134.853.173</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	7	7

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	918.997	616.911
Byggingarvörur, almennar	148.063	0
Ýmis tæki og áhöld	665.528	435.439
Varahlutir og viðhaldsvörur	998	0
Orkugjafar	1.531.003	1.376.434
Matvæli	1.154.968	1.406.627
Almennar rekstrarvörur	212.240	123.549
Vörukaup, almenn	4.631.797	3.958.960

Skýringar

	2019	2018
5 Annar rekstrarkostnaður framhald		
Kennslu- og föndurvörur	7.000	0
Vörukaup, sérgreind	7.000	0
Fundir, námskeið, risna	1.724.450	2.648.393
Ferðir, upphald	7.329.994	5.457.805
Akstur	703.025	1.289.972
Sérfræðiþjónusta	2.147.873	2.715.617
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	342.083	136.532
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	11.300	193.534
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	649.110	255.965
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	12.907.835	12.697.818
Samningsbundin kaup og leiga	690.182	815.238
Afnotagjöld	5.324.460	3.198.654
Leigugjöld	5.073.636	6.711.726
Verkkaup	3.673.026	5.752.380
Áhættutap og bætur	77.309	0
Tryggingar, lögboðnar	385.373	169.398
Opinber gjöld	489.917	451.916
Tilfærslur	63.640	89.800
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	15.777.543	17.189.112
Vörukaup II	0	43.639
Vörur til endursölu og birgðabreyting	0	43.639
Annar rekstrarkostnaður samtals	33.324.175	33.889.529
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.066.733	1.656.393
Farartæki og vélar	1.028.639	0
	3.095.372	1.656.393

Skýringar

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	9.481.298	8.325.421
Farartæki og vélar	10.792.707	0
	20.274.005	8.325.421

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019	14.242.037	0	14.242.037
Viðbætur á árinu	3.222.610	11.821.346	15.043.956
	17.464.647	11.821.346	29.285.993
Afskriftir 1.1.2019	5.916.616	0	5.916.616
Afskrift ársins	2.066.733	1.028.639	3.095.372
	7.983.349	1.028.639	9.011.988
Staða 31.12.2019	9.481.298	10.792.707	20.274.005

31.12.2019 **31.12.2018**

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	9.505.358	5.809.951
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	9.263.517
	9.505.358	15.073.468

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	348.136	167.184
	348.136	167.184

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(12.589.655)	(14.874.918)
Afkoma ársins	9.271.206	2.285.263
Jöfnuður 31.12.	(3.318.449)	(12.589.655)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

10 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof	15.236.336	14.629.188
Ógreidd laun	260.400	0
Önnur ógreidd gjöld	719.090	895.433
	<u>16.215.826</u>	<u>15.524.621</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	20.274.005	8.325.421
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	(4.133.076)	10.910.880
	<u>16.140.929</u>	<u>19.236.301</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	8.325.421	10.910.880	19.236.301
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	15.043.956	(15.043.956)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.095.372)	0	(3.095.372)
	<u>20.274.005</u>	<u>(4.133.076)</u>	<u>16.140.929</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 3,4 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsaleigu og tímabundna skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga. Greiðslur vegna húsaleigusamnings munu nema kr 5,2 milljónum árið 2020 og kr. 3,2 milljónum vegna rekstrar- og þjónustusamning árið 2020.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.